



FUNDARGERÐ 458. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 13. október 2021. Fundurinn er settur klukkan 07:16. Fundurinn er fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Hjördís Ýr Johnson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir sækja fundinn með fjarfundarbúnaði.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja fundinn með fjarfundarbúnaði.

Tekið fyrir

1. Kynning á mögulegri sátt í máli sem Björn Halldórsson hefur höfðað á hendur SORPU

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Eva Bryndís Helgadóttir lögmenn SORPU bs. taka sæti á fundinum við upphaf fundar.

Haraldur Flosi og Eva Bryndís gera grein fyrir minnisblaði um kynningu á mögulegri sátt í máli sem Björn Halldórsson hefur höfðað á hendur SORPU.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU bs. samþykkir að gengið verði til samninga við Björn Halldórsson í máli hans gegn SORPU bs. á grundvelli þess minnisblaðs sem liggur fyrir stjórn.“

Haraldur Flosi og Eva Bryndís víkja af fundi klukkan 07:34.

2. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 15. október klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 07:34.